

Fimmtudaginn 4. júlí 1985.

Nr. 14/1985. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Reyni Lútherssýni

(Örn Clausen hrl.)

Nauðgun. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Magnús. Þ. Torfason, Björn Sveinbjörnsson, Guðmundur Jónsson og Halldór Þorbjörnsson og Arn-
ljótur Björnsson prófessor.

Máli þessu var að ósk ákærða skotið til Hæstaréttar með áfrýjunarstefnu
10. janúar sl. Af hálfu ákærvalds er málinu áfrýjað til þyngingar. Ágrip
dómsgerða barst Hæstarétti 14. mars sl.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að bótakrafa S. P. verði tekin til með-
ferðar og lægri bætur dæmdar en í héraðsdómi. Um vexti af bótafjárhæð
er ekki ágreiningur.

Svo sem í héraðsdómi greinir, er sannað, að ákærði framdi brot þau,
sem honum eru gefin að sök og varða við 1. mgr. 194. gr. almennra heg-
ningarlaga nr. 19/1940, sbr. 20. gr. sömu laga að því er varðar fyrra brotið.

Refsing ákærða er með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga hæfi-
lega ákveðin fangelsi 3 ár og 6 mánuði. Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms
um frádrátt gæsluvarðhalds og um sakarkostnað. Þá þykir einnig mega
taka til greina bótakröfu S. P.

Dæma ber ákærða til greiðslu áfrýjunarkostnaðar sakarinnar, svo sem
greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Reynir Lúthersson, sæti fangelsi 3 ár og 6 mánuði. Til frá-
dráttar komi gæsluvarðhaldsvist hans í 27 daga.

Ákvæði héraðsdóms um skaðabætur og sakarkostnað eiga að vera
óröskuð.

Ákærði greiði áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksókn-
arlaun í ríkissjóð, 25.000,00 krónur, og málsvarnarlaun verjanda síns,
Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000,00 krónur.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 17. september 1984.

Ár 1984, mánudaginn 17. september, er á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð er í Borgartúni 7 af Sverri Einarssyni sakadómara, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 438/1984: Ákærvaldið gegn Reyni Lútherssyni, sem tekið var til dóms 4. þ.m.

Málið er höfðað fyrir dóminum með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 12. júní sl., á hendur ákærða, Reyni Lútherssyni pípulagningamanni, Laugavegi 76 í Reykjavík, fæddum þar í borg 3. febrúar 1948.

Í ákærinni segir, að málið sé höfðað á hendur ákærða „fyrir að hafa, sunnudagsnóttina 13. maí 1984, gerst sekur um eftirgreind nauðgunarbrot:

I.

Umrædda nótt, um kl. 03:00, ráðist að stúlkunni G.G., fæddri 30. mars 1959, þar sem hún var einsömul á gangi austur Hverfisgötu í Reykjavík, austan Barónsstígs, gripið hana hálstaki aftanfrá og þrengt svo að öndunarvegi stúlkunnar að henni lá við köfnun og þannig neytt hana til að fylgja sér inn í bakgarð hússins nr. 102 A við Hverfisgötu, þar sem ákærði lagði stúlkuna á jörðina, svipti hana klæðum og bjó sig til að hafa við hana samfarir nauðuga en var hindraður í að fullfremja verknaðinn af íbúa hússins nr. 102 C við Hverfisgötu, sem heyrði neyðaróp stúlkunnar og fór á vettvang, en ákærði lagði á flóttu.

Brot þetta telst varða við 1. mgr. 194. gr., sbr. 20. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940.

II.

Seinna sömu nótt, um kl. 04:00, ráðist að stúlkunni S. P., fæddri 24. maí 1962, þar sem hún var einsömul á gangi austur Hverfisgötu í Reykjavík, á syðri gangstétt gegnt Þjóðleikhúsinu, gripið hana hálstaki aftanfrá og neytt stúlkuna með sama hætti og áður greinir til að fylgja sér bakvið húsið nr. 18 við Hverfisgötu, þar sem ákærði neyddi stúlkuna með kvalræði til holdlegs samræðis og ekki látið af þeim athöfnum fyrr en lögreglan, til kvödd af einum íbúa hússins, sem hafði vaknað við neyðaróp stúlkunnar, kom á vettvang og ákærði lagði á flóttu en var handtekinn stuttu síðar.

Brot þetta telst varða við 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga.

III.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Málavextir eru þessir:

Aðfaranótt sunnudagsins 13. maí sl., klukkan 3:20, kom G. G., ... á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík þeirra erinda að kæra líkamsárás og tilraun til nauðgunar. Í fylgd með G. var Guðmundur Haraldsson, Hverfisgötu 104 í Reykjavík.

Sömu nótt og að framan greinir, klukkan 4:06, var lögreglunni í Reykjavík tilkynnt, að eitthvað mikið gengi á í porti Miðbæjarradíós að Hverfisgötu 18. Þangað héldu tvær lögreglubífreiddar, önnur var stödd í Tryggvagötu og hin á Snorrabraut, um það leyti sem tilkynningin barst. Í hinni fyrri voru þrír lögreglumenn, en í hinni síðarnefndu tveir. Kom fyrrgreinda bífreiddin á staðinn, og sáu lögreglumennirnir, er þeir óku inn í portið, að maður var að hafa samfarir við konu, sem lá á ca. 80 cm háum steintröppum með fæturna niður með veggnum og buxur og nærbuxur dregnar niður að hnjám. Hafði maðurinn samfarir við konuna aftan frá og virtist þrýsta hægri hendi niður að hnakka og hálsi konunnar. Þegar maðurinn varð lögreglunnar var, tók hann upp um sig og tók á rás austur að Smiðjustíg, en um svipað leyti kallaði konan „nauðgun“.

Tveir lögreglumannanna eltu manninn, og tókst þeim og lögreglumönnum í síðari bífreiddinni að handtaka hann á baklóð hússins nr. 3 við Grettisgötu. Var hér á ferð ákærði, Reynir Lúthersson, sem að mati lögreglumannanna var greinilega ölvaður og veitti mótþróa við handtökuna.

Kona sú, sem ákærði var að hafa samfarir við, var S. P. ... fædd ... 1962.

Vitnið G. G. skýrir svo frá, að það hafi verið á göngu austur Hverfisgötu umrædda nótt, lítilliga undir áhrifum áfengis eftir veru í veitingahúsi. Var vitnið að svipast um eftir leigubífreidd. Þegar vitnið var státt rétt austan við Barónsstíg, stókk aftan að því einhver, sem hafði verið á eftir því. Taldi vitnið, að þarna væri karlmaður á ferð, og tók hann vitnið föstu hálstaki aftan frá, svo að það átti mjög erfitt með að anda. Fannst vitninu maðurinn nota hægri handlegginn. Vitnið reyndi að berjast um og man, að það barðist við, að maðurinn gæti ekki komið því af gangstéttinni á bak við hús, reyndi að öskra og barðist við að ná andanum. Fannst vitninu maðurinn ætla að drepa það. Ekki sagði maðurinn neitt, en dró eða ýtti vitninu á undan sér inn í sund á milli húsanna nr. 102 A og 104, en vitnið reyndi að halda sér í grindverk, sem þarna var.

Næst mundi vitnið eftir sér, þegar það lá á bakinu með höfuðið að ruslunnum og að maðurinn var að fara höndum um kynfæri þess ber og ætlaði greinilega að nauðga því, en nærbuxur vitnisins og sokkabuxur höfðu verið dregnar niður að hnjám. Vitnið man ekki, hvort maðurinn lá eða kraup við hlið þess. Allt gerðist þetta mjög snögg, og man vitnið ekki eftir því, þegar maðurinn lagði það á jörðina og tók niður buxur þess. Telur það sig hafa misst meðvitund einhverja stund. Vitnið kveðst ekki hafa séð,

hvort maðurinn var búinn að taka niður um sig buxurnar, en dimmt var. Um það leyti, sem vitnið rankaði við sér á jörðinni, reyndi það að öskra, og kom þá annar maður. Tók árásarmaðurinn þá á rás og hvarf. Um sama leyti kom annar maður út í glugga á húsi og síðan út. Hann fylgdi vitninu á fund lögreglunnar.

Vitnið segir, að yfirhöfn þess hafi verið rifin niður frá hliðarvasa og aurug, einnig hafi sokkabuxur og nærbuxur verið rifnar og aurugar. Þá var vitnið aurugt á sitjanda og upp undir mjóhrygg. Vitnið treystir sér ekki til að gefa neina lýsingu á árásarmaninum og kveðst ekki treysta sér til þess að þekkja hann aftur.

Vitnið kveðst hafa tekið atburð þennan nærri sér og var mjög miður sín fyrst á eftir en er nú búin að jafna sig. Það telur þó, að áhrifa af þessum atburði muni alltaf gæta eitthvað.

Vitnið Guðmundur Haraldsson verktaki, Hverfisgötu 104 í Reykjavík, kveðst hafa vaknað á heimili sínu umrædda nótt við óp fyrir utan húsið. Þegar vitnið vaknaði betur, voru ópin það skerandi, að vitnið taldi eitthvað alvarlegra á ferðinni en venjulegt helgarfyllerí, en það datt því fyrst í hug.

Vitnið leit út um glugga, sem snýr inn í húsagarðinn, og sá þá nágranna sinn, Ólaf Hólm Friðbjörnsson, koma út úr húsi sínu. Hvatti vitnið Ólaf Hólm til að fara að öskutunnum, sem þarna eru, en þaðan bárust ópin. Gerði hann það, og spratt þá upp maður og hljóp út sundið í átt að Hverfisgötu. Vitnið sá manninn andartak, er hann kom í átt að því, en vitnið var þá úti í opnum glugga á 2. hæð hússins að Hverfisgötu 104. Vitnið tók ekki nákvæmlega eftir maninum, en það hafði meir gætur á staðnum, þaðan sem ópin komu. Vitnið lýsir maninum svo, að hann hafi verið að þess mati ca. 1,70 cm á hæð, þrekvaxinn, ljósskolhærður og hefði greitt hárið út á hlið til vinstri. Hann hefði verið klæddur ljósbrúnum mittisleðurjakka og ljósum bol.

Vitnið fór út í sundið, en fremst í því var Ólafur Hólm með unga stúlku, sem var með ekkasogum og vart mælandi. Þá voru föt hennar í óreiðu, og sagði hún, að gerð hefði verið tilraun til að nauðga sér. Voru föt stúlkunnar aurug og þvæld. Stúlkan var mjög rugluð og vissi vart, hvað um var að ræða, fyrr en hún fór að jafna sig. Fylgdi vitnið stúlkunni síðan á lögreglustöðina við Hverfisgötu.

Vitnið Ólafur Hólm Friðbjörnsson kennari, Hverfisgötu 102 B í Reykjavík, var vakandi á heimili sínu umrædda nótt um klukkan 3, þegar það heyrði óp í konu í bakgarði við húsið. Kveðst vitnið fyrst hafa talið, að einhverjir væru að rifast á baklóðinni, en þegar ópin héldu áfram, fór vitnið út til að kanna, hvað um væri að vera, en áður hafði vitnið litið út um glugga og séð mann liggja ofan á konu upp við ruslatunnur efst í sundi á lóð næsta húss. Þá rak konan upp vein af og til, en augljóst

var, að haldið var um kverkar henni og að hún gat einungis veinað annað slagið.

Vitnið kveðst hafa hlaupið að girðingu, sem skilur að lóðirnar á milli Hverfisgötu 102 B og 104 B, og um leið hrópað, hvað um væri að vera. Spratt þá maðurinn upp og hljóp á brott, en hann lá enn ofan á konunni. Segir vitnið, að búið hafi verið að færa buxur konunar niður á læri, þegar það kom að henni, og var hún mjög miður sín, en jafnaði sig þó von bráðar og greindi frá því, að maðurinn hefði ætlað að nauðga sér. Kom það strax fram hjá konunni, að hún þekkti áráðarmanninn ekkert. Var konan lengi að ná eðlilegum andardrætti, og sagði hún vitninu, að hún hefði verið mest hrædd um, að maðurinn dræpi hana.

Vitnið Guðmundur kom síðan á vettvang og fylgdi konunni á lögreglustöðina.

Vitnið kveðst aðeins hafa séð áráðarmanninn ógreinilega, en taldi, að hann hefði verið u.þ.b. 25 ára, vel meðalmaður á hæð, frekar grannur. Ekki veitti vitnið athygli hárvexti né háralit mannsins, enda nokkuð skuggsýnt, þá taldi vitnið, að maðurinn hefði verið klæddur í leðurmittisjakka, en að öðru leyti gat vitnið ekki sagt til um klæðnað mannsins.

Hvorki vitnið Guðmundur né Ólafur Hólm treystu sér til að endurþekkja áráðarmanninn.

Vitnið Bjarnþór Aðalsteinsson rannsóknarlögreglumaður, Stórateigi 20 í Mosfellssveit, kveðst hafa staðið að því að finna út, hver hefði tilkynnt um atburðinn við Hverfisgötu 18, og komst að því, að það væri Steinunn Sigurðardóttir, sem býr á efri hæð að Traðarkotssundi 3.

Ræddi vitnið síðan við Steinunni, sem upplýsti, að hún væri mikill hjartasjúklingur og þyldi ekki yfirheyrslur né treysti sér til að fara úr húsi. Virtist vitninu Steinunn ekki vera ferðafær, og var hún því ekki yfirheyrð formlega. Þessi ákvörðun var tekin í samráði við vararannsóknarlögreglustjóra ríkisins.

Við meðferð málsins hefur þetta vitni ekki komið fyrir dóm, og voru sækjandinn og verjandinn sammála um, að ekki væri ástæða til að kalla vitnið fyrir dóm, eins og heilsufari þess væri sagt hátað.

Vitnið Bjarnþór gerði skýrslu um viðtal sitt við Steinunni, sem fór fram daginn eftir atburðinn, og hefur staðfest hana við meðferð málsins. Í henni segir svo:

„Steinunn skýrði svo frá, að hún hafi vaknað upp um kl. 03:00 við einhver öskur. Um hafi verið að ræða óp, líkt og einhver væri í nauðum.

Hún kveðst hafa litið út um glugga á íbúð sinni og þá séð til tveggja mannvera við tröppur á húsinu nr. 18, við Hverfisgötu, en tröppur þessar eru á suðurhlíð hússins portmegin. Hún kveðst í fyrstu ekki hafa séð hvort

um karl og konu væri að ræða og talið að um væri að ræða karl og unglingspilt.

Karlmaðurinn hafi slengt stúlkunni upp á pallinn og byrjað að hafa við hana samfarir aftanfrá. Stúlkan hafi rekið upp vein í fyrstu, en síðan hafi henni virst sem hún veitti ekkert viðnám.

Steinunn kveðst hafa bankað á gluggann hjá sér til að reyna að fæla þetta fólk í burtu, en það hafi ekki borið neinn árangur. Karlmaðurinn hafi haldið uppteknum hætti um hríð, en síðan hætt og beygt sig niður að kynfærum stúlkunnar. Kveðst Steinunn ekki hafa séð fyllilega hvað hann var að gera, hvort hann var að skoða kynfæri stúlkunnar eða hvort hann var að sleikja hana.

Steinunn kveðst þá hafa hringt til lögreglunnar og tilkynnt atburðinn, en jafnframt neitað að gefa upp nafn sitt. Kveðst hún vera það mikill sjúkl-ingur að hún megi ekki við neinum geðshræringum.

Aðspurð kvaðst Steinunn ekki geta áttað sig á hvað þetta hafi viðgengist lengi, en telur að það hafi verið talsverður tími frá því að hún varð vör við þetta, þar til lögreglan kom á vettvang.

Steinunn kveður karlmanninn hafa byrjað samfarir að nýju, eftir að hann kraup aftan við stúlkuna og samfarirnar verið á sama hátt og fyrr, þ.e. aftan frá.

Kvenmaðurinn hafi lítið viðnám veitt og ekki heyrst meira frá henni. Samfarirnar hafi verið í gangi, er lögreglan kom að, en maðurinn þá lagt á flótta.“

Vitnið Bjarni Guðmundsson lögreglumaður, Kjarrmóum 46 í Garðabæ, kveðst hafa ekið lögreglubifreiðinni, sem kom á vettvang að Hverfisgötu 18. Þegar vitnið ók inn í portið við húsið, sá það, hvar maður var með konu upp við tröppur á húsinu og var í samförum við hana. Hélt maðurinn konunni þannig, að hún lá fram á tröppurnar. Ekki getur vitnið sagt til um, hvernig maðurinn hélt konunni, en hann var með hægri höndina uppi. Ekki sá vitnið, hvort höndin var fram fyrir hálsinn á konunni eða hvort hún var ofan á herðum hennar. Konan var með buxurnar niður á lærum og maðurinn var að hafa samfarir aftan frá. Sá vitnið manninn viðhafa samfarahreyfingar.

Vitnið sá manninn stökkva aftur á bak, stuttu eftir að lögreglubifreiðin kom í portið, taka upp um sig buxurnar og hlaupa á brott. Héldu félagar vitnisins á eftir manninum, en vitnið kallaði til stúlkunnar, sem var grátandi, og spurði, hvort maðurinn hefði nauðgað henni. Sagði hún svo vera. Kom stúlkan síðan inn í bifreiðina til vitnisins. Spurði vitnið hana, hvort hún þekkti manninn, en hún kvaðst ekki hafa séð framan í hann. Vitnið ók síðan um næsta nágrenni, en stuttu síðar heyrði vitnið, að maðurinn hefði verið handtekinn.

Vitnið Hans Sigurbjörnsson lögregluflokksstjóri, Öldugranda 5 í Reykjavík, var í lögreglubifreiðinni, sem kom í portið að Hverfisgötu 18 umrædda nótt. Sá vitnið, um leið og ekið var inn í portið, að kona lá á maganum ofan á tröppum við húsið og að maður var að hafa samfarir við hana aftan frá. Vitnið sá manninn halda með hægri hendi yfir herðarnar á konunni og þrýsta henni niður á tröppurnar og viðhafa samfarahreyfingar. Rétt eftir að bifreiðin kom í portið, stökk maðurinn aftur á bak, tók upp um sig buxurnar, sem voru niðri á lærum, og hljóp af stað yfir bifreiðastæðið við Smiðjustíg. Heyrði vitnið konuna kalla nauðgun, og hljóp vitnið suður Traðarkotssund upp á Laugaveg, en vitnið Atli Már á eftir manninum yfir bifreiðastæðið. Þegar vitnið kom inn á Laugavegin, sá það manninn koma upp Smiðjustíg og hlaupa austur Laugaveg. Hljóp vitnið á eftir honum, og um leið og þetta var að gerast, kom lögreglubifreið vestur Laugaveg, og komu lögreglumenn úr þeirri bifreið til aðstoðar, eins og áður er fram komið. Vitnið stóð síðan að handtöku mannsins, er hann kom ofan af veggnum.

Vitnið lýsir ákærða svo, að hann hafi verið með blóðhlaupin augu og greinilega ölvaður, en vel frískur. Hann var skólaus og sagði varðstjóri á lögreglustöðinni, að þeir hefðu orðið eftir á vettvangi.

Vitnið gerði skýrslu um komu þeirra lögreglumannanna að Hverfisgötu 18 og hefur staðfest hana við meðferð málsins.

Vitnið S.P., kveðst hafa verið á göngu austur Hverfisgötu um kl. 4 aðfaranótt 13. maí sl. og var statt á syðri gangstétt götunnar skammt vestan við Þjóðleikhúsið, þegar það heyrði einhverja manneskju nálgast sig. Var vitnið lítillega undir áhrifum áfengis.

Skyndilega var vitnið tekið svo föstu hálstaki aftan frá, að því fannst það vera að kafna. Það reyndi að hljóða, en kom ekki upp neinu hljóði. Vitnið fann, að hér var karlmaður á ferð, og ýtti hann nú vitninu á undan sér suður með húsi því, sem er andspænis Þjóðleikhúsinu, og á bak við húsið. Þegar þangað var komið, sagði maðurinn vitninu að öskra ekki, og reyndi það þá að toga í handlegginn á manninum, til þess að hann linadi takið á hálsi þess. Var vitnið skelfingu lostið og hélt, að maðurinn ætlaði að ganga frá því þarna. Bað vitnið hann að hætta þessu og leyfa sé að fara, en hann kvaðst gera þetta og gæti hann ekki hætt, fyrr en hann hefði fengið fullnægingu.

Maðurinn fór með vitnið í tókum sínum að tröppum við húsið og sveigði vitnið fram yfir pallinn fyrir ofan tröppurnar og reyndi að hneppa frá því buxunum, en gat það ekki. Hafði vitnið nælt þær saman. Þá skipaði maðurinn vitninu að losa um buxnastreng sinn, og af ótta við, að maðurinn

kæfði vitnið, losaði það buxnastrenginn. Við það linaði maðurinn takið á hálsi vitnisins og færði buxur þess niður á læri, en vitnið hélt í þær að framan og hélt þeim uppi. Síðan setti maðurinn lim sinn í kynfæri vitnisins og hóf við það samfarir. Eftir að hafa haft samfarir við vitnið í þessum stellingum í nokkurn tíma, bað maðurinn vitnið að snúa sér við, en það neitaði. Hélt maðurinn þá áfram samförunum og kvaðst ekki geta hætt, fyrr en hann hefði fengið fullnægingu. Áður en maðurinn hóf samfarirnar, kvaðst hann ekki vilja meiða vitnið, ef það vildi leyfa honum að hafa samfarir. Þegar maðurinn var byrjaður að hafa samfarir við vitnið, spurði vitnið hann að því, hvers vegna hann væri að þessu. Hann sagðist þá verða að gera þetta. Vitnið spurði hann þá að því, hvort hann gerði þetta oft, og sagðist hann gera þetta stundum. Á meðan maðurinn hafði samfarir við vitnið losaði hann takið á hálsi þess og tók utan um mitti þess. Vitnið kveðst þá hafa öskrað á hjálp, en þá tók maðurinn aftur utan um háls þess. Á meðan maðurinn var að hafa samfarir við vitnið, lá það með andlitið fram á steiptan pallinn á tröppunum, og við það nuddaðist andlit þess við pallinn.

Eftir að maðurinn hafði haft samfarir við vitnið góða stund, að það telur 10—15 mínútur, sá vitnið og heyrði í bifreið, sem reyndist vera lögreglubifreið. Þetta sá maðurinn einnig, hætti samförunum og tók á rás og lögreglan á eftir honum.

Vitnið kveðst síðan hafa farið inn í lögreglubifreiðina og sagði frá því, sem gerst hafði, og í framhaldi af því var vitnið flutt á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar sem það ræddi við varðstjóra. Áður en farið var á lögreglustöðina, ók lögreglumaðurinn um nágrennið til þess að athuga með lögreglumennina, sem hlupu á eftir manninum.

Vitnið kveðst hafa verið miður sín fyrstu vikurnar eftir atburðinn, en eftir að hafa verið í sumarfrii í júlí, er það búið að ná sér að fullu, nema ef atburðurinn kemur upp í hugann.

Ákærði gaf næsta dag skýrslur um báða atburðina. Er skýrsla hans um fyrri atburðinn á þessa leið:

„Varðandi þetta mál þ.e. að ég hafi ráðist á stúlku á Hverfisgötu móts við hús nr. 102 A, þá man ég það eitt að ég var í einhverjum átökum við einhverja stúlku einhvers staðar í húsagarði en ég veit ekki hvar.

Nánari málsatvik voru þau að í gærkvöldi um kl. 23:30 fór ég í veitingahúsið Pöbb-inn við Hverfisgötu. Ég var þá lítillsháttar undir áhrifum áfengis. Í veitingahúsinu drakk ég mikið af áfengu öli og varð mikið ölvaður. Ég man að ég fór út úr veitingahúsinu, að ég held eftir að því var lokað en þori þó ekki að fullyrða um það atriði. Ég var þá mjög ölvaður og man ég eftir því að ég var reikull í spori og er það óvanalegt. Ég man eftir því að ég gekk austur Hverfisgötu en síðan man ég ekki hlutina í sam-

hengi. Ég man eftir því að ég var fyrir utan veitingahúsið Safarí en hvort það var í beinu framhaldi af þessu það get ég ekki fullyrt.

Ég man síðan eftir því að ég var í átökum við einhverja stúlku, sem ég þekkti ekki neitt og get enga lýsingu gefið á. Ég man að við vorum í einhverjum húsagarði í átökum en ég get ekki lýst þeim frekar. Ég man að við lágum bæði á jörðinni og ég man að ég ætlaði að hafa við hana samfarir nauðuga en ég held að það hafi ekki tekist. Ég man greinilega eftir því þegar við vorum þarna á jörðinni að maður stóð yfir okkur eða aðeins frá okkur. Ég man ekki hvort hann talaði eitthvað til okkar en held það þó og þess vegna hafi ég tekið eftir honum. Ég man að þessi maður var hár og grannur, dökkhærður og fannst mér hann hafa sterka andlitsdrætti. Ég man greinilega eftir því að þegar ég sá manninn þá stóð ég á fætur og hljóp en ég get ekki munað hvert ég hljóp, þ.e. hvort ég hljóp yfir garða eða eitthvað annað. Ég held þó að ég hafi eftir þetta gengið niður Laugaveg frekar en Hverfisgötu.

Að hugsuðu máli þá held ég að það hafi verið eftir þessi átök við stúlkuna í húsagarðinum sem ég fór að Safarí. Ég fór fyrst úr húsagarðinum og gekk vestur Laugaveg en fór síðan að Safarí og síðan þaðan aftur upp á Laugaveg og gekk vestur hann. Næst man ég eftir mér fyrir utan Þjóðleikhúsið við Hverfisgötu og síðan fór ég niður í Lækjargötu. Það næsta sem ég man er að ég var bak við eitthvert hús, að ég held á móti Þjóðleikhúsinu og var ég þar með einhverri stúlku sem ég var að hafa samfarir við nauðuga.

Ég hef nú skýrt frá ferðum mínum eins og ég best man sl. nótt en minni mitt er afar gloppótt. Ég get ekki á heilum mér tekið sökum iðrunar og sektarkenndar. Ég get ekki skilið hvað hefur komið fyrir mig, ég hef bókstaflega truflast á þessu tímabili.

Ég er fús til þess að bæta stúlkunni það tjón, sem ég kann að hafa valdið henni með framferði mínu, þ.e. það tjón sem hægt er að bæta.

Það sem ég hef hér að framan skýrt frá er allt satt og rétt og samkvæmt minni bestu vitund.“

Ákærði var síðan yfirheyrður strax á eftir um síðari atburðinn. Er skýrsla hans um hann á þessa leið:

„Varðandi þetta mál þá hef ég þegar skýrt frá upphafi þess í skýrslu sem tekin var af mér vegna líkamsárásar á stúlku og tilraun til nauðgunar í húsagarði fyrr um nóttina.

Varðandi þetta tilvik þá man ég eftir því að ég var bak við eitthvert hús, að ég held við Hverfisgötu á móti Þjóðleikhúsinu. Ég var með stúlkuna í einhverju porti eða þess háttar og minnir mig að þar hafi verið tröppur sem við vorum upp við. Ég man að ég var að hafa samfarir við stúlkuna og sveigði ég hana áfram fram á pallinn og var að hafa við hana samfarir

aftan frá. Ég man ekki eftir því hvort ég þurfti að halda stúlkunni meðan ég hafði samfarir við hana en mig minnir að þessar samfarir mínar við stúlkuna hafi staðið yfir í nokkurn tíma.

Aðspurður þá held ég að ég hafi haft samfarir við þessa stúlku nauðuga þó ég muni ekki eftir því að hafa beitt hana valdi. Ég man að þetta var ekki eðlilegt því þegar ég var í samförunum þá kom lögreglubíll að okkur og tók ég til fótanna og hljóp yfir eitthvert bílastæði og upp á Laugaveg. Þaðan fór ég upp einhverja götu og þar inn í garð en kom þá að vegg þar sem lögreglumenn handtóku mig. Ég man eftir því að ég lenti í átökum við lögreglumennina sem handtóku mig en ég held að það hafi ekki verið mikið.

Eftir að lögreglan handtók mig þá held ég að ég hafi verið fluttur í lögreglustöðina við Hverfisgötu og síðan þaðan í Slysadeild Borgarspítalans þar sem tekið var blóðsýni. Síðan var ég fluttur til geymslu í fangageymslu lögreglunnar við Hverfisgötu.

Það var svo um kl. 11:00 í morgun að rannsóknarlögreglumenn frá RLR komu í fangageymsluna og lögðu þar hald á fatnað minn og fluttu mig í fangelsið við Síðumúla. Mér var þá kynntur réttur minn til þess að fá lögmann og notaði ég mér þann rétt.

Aðspurður þá hljóp ég upp úr skónum þegar ég var að hlaupa undan lögreglunni í nótt og man ég að lögreglumennirnir töluðu um að þeir hefðu fundið annan skóinn.

Það sem ég hef hér skýrt frá að framan er satt og rétt samkvæmt minni bestu samvisku og vitund. Ég er niðurbrotinn maður út af þessu og með mikið samviskubit. Ég skil þetta ekki, svona nokkuð hefur aldrei hent mig fyrr.

Ég er fús til þess að bæta stúlkunni allt það tjón sem hún hefur orðið fyrir og hægt er að bæta.“

Ákærði var yfirheyrður frekar af rannsóknarlögreglunni 22. maí sl. og hann þá spurður, hvort eitthvað hefði skýrst í minni hans varðandi fyrri tilvikið. Hann kvað svo ekki vera. Hann kvaðst muna óljóst, að hann hefði verið að reyna að ná fótunum niður um stúlkuna, þar sem þau lágu á jörðinni.

Ákærði var síðan beðinn að gera grein fyrir ferðum sínum og athöfnum að kvöldi 12. maí og aðfaranótt 13. maí sl. Ekki þykir ástæða til að rekja þennan framburð, en ákærði leiðrétti hann í yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni 4. júní sl. Er framburður hans þá um þetta á þessa leið:

„Varðandi framburð minn, sem ég gaf í fyrstu skýrslu minni hjá RLR þann 13.05. s.l., þá er það ekki rétt að ég hafi verið að vinna laugardaginn 12. maí s.l. Ég hef áttað mig á því nú að ég hef ruglast á dögum og skýrt

frá því sem ég var að gera á föstudeginum 11. maí s.l. þ.e. að ég hafi farið til vinnu og verið í vinnu fram til kl. 19:00.

Það rétta er að laugardaginn 12. maí 1984 þá var ég ekki að vinna og var ég heima hjá mér fram til hádegis. Eftir hádegi þá fór ég heim til kunningja míns, Arnar Þórhallssonar, og þar ræddum við saman um sameiginlegt áhugamál okkar sem er bréfdúfnarækt. Ég dvaldi hjá Erni í ca. 2 klukkustundir en þá fór ég upp í Mosfellssveit til þess að sinna bréfdúfum, sem ég á þar. Ég dvaldi þar góða stund en síðan fór ég í bæinn aftur og kom þá við heima hjá öðrum kunningja mínum Gísla Mariussyni (sic). Ég settist inn hjá Gísla og ræddum við sameiginlegt áhugamál okkar bréfdúfnarækt.

Ég held að ég hafi komið til Gísla einhvern tímann um kl. 20:00 og verið þar fram til um kl. 22:30. Hjá Gísla neytti ég áfengis ca. 5 til 6 sjússa samtals, sem borið var fram í glasi en ég drakk síðan kaffi með. Þegar ég fór frá Gísla fann ég vel fyrir áfengisáhrifum. Ég fór síðan heim til mín og kom ég þangað skömmu fyrir kl. 23:00. Þegar eiginkona mín var farin til vinnu þá fór ég í Pöbb-inn við Hverfisgötu þar sem ég síðan neytti áfengs öls.

Ástæðan fyrir því að ég nefndi ekki áður nefnda tvo kunningja mína sem ég hafði viðkomu hjá er sú að ég vildi ekki blanda þeim í þetta mál og taldi vitnisburð þeirra ekki skipta máli. Ég neytti ekki áfengis heima hjá mér áður en ég fór á Pöbb-inn heldur var það áfengi sem ég drakk fengið hjá Gísla.

Aðspurður þá man ég ekki eftir því að hafa hitt eða talað við neitt af fólki sem ég kannast við þegar ég var á Pöbb-inn aðfaranótt sunnudagsins 13. maí s.l.“

Ákærði hefur engar athugasemdir gert við framburð stúlnanna tveggja og dregur hann ekki í efa. Segir ákærði, að hann hafi nokkrum sinnum áður misst minnið vegna ölvunar. Hann kveðst aldrei nota róandi né örvandi lyf og kveðst aðeins hafa verið undir áhrifum áfengis, þegar umræddir atburðir áttu sér stað.

Við meðferð málsins hefur ákærði skýrt frá aðalatriðum málsins á sama veg og áður er rakið. Hann tekur fram, að hann hafi ekki haft neitt í huga af því, er síðar skeði, þegar hann yfirgaf Pöbb-inn. Hann telur, að ekkert hafi komið fyrir heima hjá honum áður en hann fór á Pöbb-inn, sem hleypt hefði honum úr andlegu jafnvægi.

Ákærði telur, að honum hafi ekki orðið sáðfall við samfarirnar.

Vitnið Örn Þórhallsson framkvæmdastjóri, Hátúni 43 í Reykjavík, hefur staðfest, að ákærði hafi hitt það að Langholti 111 í Reykjavík skömmu eftir klukkan 13 laugardaginn 12. maí sl. og dvalið hjá því í ca. 1½ klukku-

stund, en erindið hafi verið að sækja dúfnabúr. Kveður vitnið ákærða hafa rætt við það um áhugamál þeirra.

Vitnið segir, að ákærði hafi verið í góðu jafnvægi, þegar hann kom og þegar hann fór. Ekki neytti hann áfengis hjá vitninu og bar engin merki um áfengisáhrif, á meðan þeir voru saman.

Vitnið Gísli Rúnar Marisson vagnstjóri, Laugavegi 161 í Reykjavík, hefur staðfest, að ákærði hafi komið heim til þess umræddan laugardag um klukkan 19 til að ræða við það um bréfdúfur, sem er sameiginlegt áhugamál þeirra. Vitnið segir, að ákærði hafi verið ódrukkinn, þegar hann kom. Hann þáði hjá vitninu 2 eða 3 glös með veikri áfengisblöndu fram til þess að hann fór frá vitninu nokkru fyrir klukkan 23, og kvaðst hann þá þurfa að fara heim til að gæta barnanna, þar sem kona hans væri að fara til vinnu. Virtist vitninu ákærði þreyttur, er hann fór, en ekki merkti vitnið á ákærða áfengisáhrif. Þá virtist vitninu hann í mjög góðu andlegu jafnvægi.

Vitnið Sigurbjörn Víðir Eggertsson rannsóknarlögreglumaður, Yrsufelli 40 í Reykjavík, kom á lögreglustöðina um nóttina og hitti báðar stúlkurnar þar. Hann tók við upphafi rannsóknar málanna. Hefur vitnið gert skýrslur um upphaf afskipta sinna af báðum málunum og staðfest þær við meðferð málsins.

Um ástand G. G. segir svo í skýrslu vitnisins:

„G.G. er klædd í rauðan frakka (kápu) og er hann ataður auri að aftan og rífið niður úr hliðarvasa. Sokkabuxur eru aurugar. G. virðist lítillhátar undir áhrifum áfengis en talsvert niðurdregin vegna þessa atburðar.“

— — —

Vitnið Steindór Gunnarsson rannsóknarlögreglumaður, Ánalandi 6 í Reykjavík, skoðaði fatnað ákærða og stúlnanna tveggja. Hann hefur við meðferð málsins staðfest skýrslur sínar um þessa skoðun og önnur rannsóknagögn, sem hann vann að.

Ekki þykir ástæða til að rekja skýrslu vitnisins um skoðun á fatnaði ákærða, nema að því er tekur til lýsingar á stuttum nærbuxum, en um hana segir svo í skýrslunni:

„Nærbuxur, stuttar: Svartar stuttar nærbuxur úr 100% bómullarefni. Á innanverðum buxunum að framan eru blettir. Gerð var sæðisprófun (SFT-300 Seminal Fluid Test kit) og gaf hún jákvæða svörun. Einnig var gerð blóðprófun á blettunum (Leuco-Malachite) og gaf það jákvæða svörun.“

Verður nú rakið úr skýrslu vitnisins um fatnað G. G. það, er máli skiptir, en öðru sleppt.

Kápa G. G. var mjög óhrein, laus mold á vinstri ermi og hægri öxl og bakhluti káunnar mjög óhrein. Á hægri vettling í vasa káunnar var ljós hárflygsa.

Framan á pilsu voru tveir litlir gulleitir blettir (eftir vökva) og neðar einn stór blettur. Við fald á pilsinu hægra megin að framan voru mold og sandur.

Á sokkabuxum var 20 cm löng rifa á innanverðu vinstra læri.

Nærbuxur voru mjög óhreinar og með blettum víða að innan og utan eftir sand og/eða mold. Á innanverðri klofbót að framan eru rauðlitaðir storkublettir, sem við blóðþrófun (Leuco-Malachite) gaf jákvæða svörun. Buxurnar eru rifnar á teygjustroffi vinstra megin. Skór voru mjög óhreinir.

Í skýrslu vitnisins um skoðun á fatnaði S. P. segir, að í nærbuxum hennar hafi verið rauðir blettir í klofbót, innanverðri, sem við blóðþrófun (Leuco-Malachite) gáfu jákvæða svörun. Saumar á hliðum voru rifnir. Einnig voru blóðblettir á innanverðum afturhluta.

Vitnin Bjarni Jóhann Bogason rannsóknarlögreglumaður, Engihjalla 3 í Kópavogi, og Ragnar Vignir aðstoðaryfirlögregluþjónn, Giljalandi 4 í Reykjavík, unnu við gerð rannsóknargagna í málinu og hafa staðfest þau verk sín við meðferð málsins.

Ákærða var tekið blóð til alkóhólrannsóknar klukkan 4:42 um nóttina. Samkvæmt niðurstöðu þeirrar rannsóknar reyndist magn alkóhóls í blóði ákærða 1,45%.

Athygli ákærða var vakin á því við meðferð málsins, að niðurstaða alkóhólmælinga í blóði væri ekki í samræmi við það, að ákærði myndi svo lítið um atburði eins og fram kæmi í skýrslum hans.

Ákærði taldi skýringuna þá, að hann hafi drukkið ölið á Pöbb-inn mjög hratt og í miklum mæli auk þess að vera mjög þreyttur og illa fyrirfallaður vegna mikillar vinnu og streitu dagana á undan.

Guðmundur S. Jónsson, læknir fangelsisins að Síðumúla 28 í Reykjavík, skoðaði ákærða daginn eftir atburðina, og segir svo í skýrslu hans um skoðunina:

„Fangi kemur vel fyrir. Hann er daufur í dálkinn og raunar mjög niðurdreginn og aðspurður kveðst hann hafa þungar áhyggjur af fjölskyldu sinni vegna þessa atburðar, sem hér um ræðir. Hann kveðst hafa verið drukkin sl. nótt, en sé alveg orðinn eðlilegur, ekki timbraður. Blóðþrýstingur: 140/95, sem er samkv. upplýsingum fangans talsverð hækkun frá venjulegum þrýsting. Púls: 110 sl. á mín. reglubundinn, sem er talsvert herra en eðlilegt. Fanginn er því greinilega haldinn mikilli innri spennu. Lungna og hjartahlustun eðlileg. Húð: Áverkablettur, nudd, yfir upphandleggs-vöðva v.megin, sem fanginn segir vera eftir átök við lögreglu. Sömuleiðis nuddblettur á h. úlnlið, sem hann segir vera eftir handjárn. Engir aðrir

umtalsverðir blettir á húð og ekkert, sem bendir á átök í nótt annað en það sem áður er nefnt. Líkamleg skoðun að öðru leyti eðlileg.“

Í vottorði Slysadeildar Borgarspítalans, undirrituðu af Stefáni Carlssyni lækni og dagsettu 16. maí sl., segir, að G. G. hafi komið þangað 13. maí sl. klukkan 16:30 (sic) í fylgd lögreglu vegna áverka, sem hún hafi orðið fyrir 2 klukkustundum áður. Í vottorðinu, sem er gert eftir sjúkraskrá G. G., segir, að G. G. kvarti um verk í hálsi og herðum og eymslum við að kyngja. Síðan segir um skoðun á G. G.

„Stúlkan er grátklökk og miður sín. Er með rifinn kápuvasa hægra megin. Er með rauð bólgusvæði framan og til hliðar á hálsi báðum megin, u.þ.b. 3×2 cm. Rauðar rákir, sem eru u.þ.b. 2 cm eru neðan við áðurnefnd bólgusvæði báðum megin. Er verulega aum yfir hálsvöðvum framan og aftanvert. Er með hruflsár á vinstri öxl 2×2 cm að stærð.

Áðurnefndir áverkar á hálsi koma vel heim og saman við að G. G. hafi verið tekin kverkataki. Það kemur ekki fram í sjúkraskýrslu að áverkar hafi fundist við þessa skoðun.“

S. P. var vegna rannsóknar málsins færð til skoðunar á kvennadeild Landspítalans undir morgun greindan dag. Í vottorði Jóns B. Stefánssonar lækni, dagsettu næsta dag segir svo m.a.:

„Hún er greinilega óttaslegin eftir atburðinn og hjartsláttur er ákafur. Hún ber sig þó furðu vel, miðað við aðstæður. Það eru afrifur og greinileg áverkamerki með byrjandi marblett á vi. gagnauga. Einnig er hún augljóslega hrufluð á hálsi og það eru merki um kverkatak á hálsi. Á bolnum eru ekki nein áverkamerki, heldur ekki á útlimum.

Við kvenskoðun eru ytri kynfæri eðlileg. Það eru ekki merki um áverka á kynfærum. Endaparmurinn er eðlilegur. Það sést slím storknað á hægra skapabarmi og út á innanvert hægra læri. Leggöngin eru eðlileg og það er seigt blóðlitað slím djúpt í leggöngunum. Engar afrifur á leghálsi og lykkjuþræðir sjást. Innri þreifing í grindarholi er eðlileg. Legið er eðlilega stórt og það eru hvergi þreifingareymsli. Þreifing í endaparm er einnig athugasemdalaus.

Tekin eru sýni frá kynfærum og endaparmi, sem send eru í ræktun til að leita að hugsanlegu kynsjúkdómasmiti.

Einnig eru tekin sýnishorn frá slímmyndun í leggöngum og slími á hægra skapabarmi og hægra læri. Þau sýni eru skoðuð undir smásjá í leit að sæðisvökva með frjóum. Það reyndist ekki unnt að sjá frjó.

Einsýnt er að konan ber þess merki að ráðist hefur verið að henni og t.d. greinilegt að það (sic) hefur verið gripið kverkataki. Líklegt má telja að slímstorka á hægri skapabörmum og innanvert á hægra læri séu utan að komandi og þá trúlega merki sáðláts, sem hefur orðið utan legganga. Hins vegar er erfitt að segja hvort merki um sæðið sé inni í leggöngum.

Benda skal á að þó frjó sjáist ekki í áður nefndum sýnum, útlokar það ekki möguleika á sáðláti. Konan upplýsti, að hún hafi fundið hvernig manninum tókst að þvinga sig til samfara. Þessi staðhæfing hennar vegur þungt og undirritaður hefur fyllstu sannfæringu um að þessi fullyrðing sé rétt. Sem betur fer eru líkur fyrir getnaði hverfandi. Bendi ræktanir til einhverrar tegundar af kynsjúkdómi, verður það upplýst síðar, þegar niðurstaða ræktunar liggur fyrir.“

Rannsóknarlögregla ríkisins gerði kröfu til þess daginn eftir atburðina, að ákærði yrði úrskurðaður í gæsluvarðhald allt til miðvikudagsins 13. júní sl., klukkan 17, og að hann sætti á gæsluvarðhaldstímanum rannsókn á geðheilbrigði sínu og sakhæfi.

— — —

Laust fyrir klukkan 1 næstu nótt var síðan kveðinn upp úrskurður í dómnum og kröfu rannsóknarlögreglunnar um gæsluvarðhald synjað, en ákærða gert að sæta geðheilbrigðisrannsókn.

— — —

Næsta dag var úrskurðurinn kærður til Hæstaréttar af ríkissaksóknara og gerðar sömu kröfur og fyrir dómnum af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins.

— — —

Hinn 17. maí kvað Hæstiréttur upp dóm um hinn kærða úrskurð. Í dómnum sátu þrír dómarar af 8 dómendum Hæstaréttar, og varð niðurstaða dómsins sú, að tveir dómaranna dæmdu, að ákærði skyldi sæta gæsluvarðhaldi í samræmi við kröfugerð rannsóknarlögreglunnar, og vísuðu þeir í því efni til 1. tl. 1. mgr. 67. gr. laga um meðferð opinberra mála. Þriðji dómarinn skilaði sératkvæði og vildi staðfesta úrskurð sakadóms.

— — —

Ákærði var handtekinn við heimili sitt klukkan 18:50 sama dag og dómur Hæstaréttar gekk og færður í gæsluvarðhald, sem lauk, er ákærði vék úr dómi eftir þingfestingu málsins 13. júní sl., klukkan 12, en eigi var gerð krafa um frekara gæsluvarðhald hans. Er hér um 27 daga gæsluvarðhald að ræða.

Með eigin játningu ákærða, sem er í samræmi við framburð vitna og annað, sem fram er komið í málinu og rakið hefur verið, er sannað, að ákærði hafi aðfaranótt 13. maí sl. ráðist á stúlkurnar G. G. og S. P., svo sem nánar er rakið hér að framan, í þeim tilgangi að hafa við þær samfarir nauðugar, en horfið frá því að því er tekur til fyrri stúlkunnar, vegna þess að vitnið Ólafur Hólm kom að honum, áður en það tækist, en fullframið

brotið gagnvart síðarnefndu stúlkunni. Eru brot ákærða rétt færð til refsí-
ákvæða í ákærinni.

Ákærði gekkst undir geðheilbrigðisrannsókn, sem Hannes Pétursson, yfirlæknir á geðdeild Borgarspítalans, framkvæmdi. Í tengslum við hana lagði Sigurgísli Skúlason, sálfræðingur við deildina, fyrir ákærða sálfræði-
próf, bæði greindarpróf og persónuleikapróf. Samkvæmt þessum prófum telst ákærði mjög vel gefinn, en hann hlaut greindarvísitölu alls prófsins 130.

Samkvæmt skýrslu yfirlæknisins, dagsettri 18. júní sl., þar sem rakin er persónusaga, geðsaga, líkamlegt heilsufar og fleira varðandi persónu ákærða, telur hann raunveruleikamat og dómgreind ákærða innan eðlilegra marka og teljist ákærði því fyllilega sakhæfur. Á þetta mat fellst dómurinn.

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

— — —

Einn dómur fyrir umferðarlagabrot og níu dómsáttir.

Ákærða verður ákveðin refsing með hliðsjón af 77. gr. almennra hegningarlaga. Þá verður við ákvörðun refsingar ákærða höfð m.a. hliðsjón af því, að stúlkurnar höfðu hvorug gefið ákærða minnsta tilefni til árásarinnar á þær, alvarleiki brotanna og hversu styrkur og einbeittur vilji ákærða var til að fremja brotin. Þykja engar refsilækkandi ástæður vera til staðar, nema að hluta ákvæði 8. tl. 74. gr. almennra hegningarlaga, en ákærði hefur greitt 30.000 krónur í bætur til G. G. Þá hefur því verið lýst yfir af hálfu ákærða, að hann fallist á að greiða bætur til S. P. Með hliðsjón af öllu framangreindu þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi 4 ár.

Eins og áður var rakið, sat ákærði samkvæmt dómi Hæstaréttar í gæsluvarðhaldi, eftir að rannsókn málsins var að mestu lokið. Var hér um 27 daga að ræða. Samkvæmt 76. gr. almennra hegningarlaga þykir rétt og sjálfsagt, að gæsluvarðhald þetta komi dæmdri refsingu ákærða til frádráttar.

Ákærði hefur greitt stúlkunni G. G., eins og áður greinir, 30.000 krónur í bætur, en hún hafði gert kröfu um 100.000 krónur í miskabætur og 6.000 krónur fyrir fataskemmdir og hreinsun á fötum. Gerir hún ekki frekari fjárkröfur á hendur ákærða. Af hálfu S. P. hefur verið gerð krafa um 100.000 krónur í bætur ásamt 19% ársvöxtum frá 13. maí 1984 að telja til dómsuppsögudags, en dómvöxtum frá þeim degi til greiðsludags í skaða- og miskabætur. Er krafan ekki sundurliðuð, en annars vegar sett fram sem skaðabótakrafa vegna líkamlegra áverka, en hins vegar sem miskabætur fyrir þjáningar, sársauka, óþægindi, hneisu vegna verknaðarins og fyrir

frelssviptinguna. Af hálfu ákærða er viðurkennt, að honum beri að greiða S. P. bætur, en hann krefst stórlegrar lækkunar kröfunnar.

Ljóst er, að S. P. ber bætur úr hendi ákærða. Þykir kröfu hennar í hóf stillt, og verður hún tekin til greina að fullu, og ber að dæma ákærða til að greiða S. P. 100.000 krónur í bætur ásamt 19% ársvöxtum frá 13. maí 1984 til 17. september 1984 og með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Loks ber að dæma ákærða samkvæmt 1. mgr. 141. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála til þess að greiða allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 18.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.

Bragi Steinarsson vararíkissaksóknari flutti málið af hálfu ákærvaldsins.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Reynir Lúthersson, sæti fangelsi 4 ár. Frá refsingunni skal draga 27 daga gæsluvarðhald ákærða.

Ákærði greiði S. P. ... 100.000 krónur í bætur ásamt 19% ársvöxtum frá 13. maí 1984 til 17. september 1984 og með dómvöxtum, eins og þeir eru á hverjum tíma, frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin saksóknarlaun, 18.000 krónur, er renni í ríkissjóð, og réttargæslu- og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausen hæstaréttarlögmanns, 25.000 krónur.
